

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðalaldur barna sem hófu leikskólagöngu í fyrsta skipti haustið 2023

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hver er meðalaldur barna þegar þau hefja leikskólagöngu?

Svar:


Alls 1834 börnum hefur verið boðin vistun síðan stóra innritunin fyrir haustið hófst. Börnin hafa verið að hefja aðlögun undanfarnar vikur og halda áfram að hefja vistun eitt af öðru. Alls hafa rúmlega 1500 börn hafið vistun eða eru komin með upphafsdagsetningu.

Til að gefa sem réttasta mynd af aldri barnanna við inntöku verður að taka tillit til þessara barna sem eru að fara að hefja vistun. Því er skoðaður meðalaldur barna með boðna vistun og þeirra sem hafa hafið vistun undanfarna 3 mánuði. Ekki er rétt að horfa til inntöku barna sem ekki koma inn á biðlista beint í kjölfar fæðingarorlofs og eru oft jafnvel eldri en 3 ára. Því er horft til þeirra barna sem umsókn barst fyrir áður en barn var orðið 12 mánaða. Rétt er að taka fram að við getum ekki spáð fyrir um aldur barnanna við inntöku í sjálfstætt starfandi leikskólunum sem eru að fara að hefja vistun á næstu dögum og vikum.

Á mynd 1 má sjá aldursdreifingu og meðalaldur barna sem hafa nýlega hafið vistun í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum og þeirra barna sem eru með boðna vistun í borgarrekna leikskóla. Miðað er við aldur barnanna 1. september 2024 og aðeins horft til þeirra umsókna sem bárust fyrir 12 mánaða aldur barns.



Listi ● Boðin vistun ● Hafið vistun síðustu 3 mán ● SSL



Mynd 1. Aldur barna sem hafa verið tekin inn sl. 3 mánuði í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum og þeirra barna sem eru með boðna vistun í framtíð, þann 1. september 2024. Gögn tekin upp úr Völu innritunarkerfinu 11. september 2024.

Í töflu 1 eru upplýsingar um meðalaldur barna þegar þau hefja leikskólavist út frá gefnum forsendum.

	Meðalaldur
Hafið vistun í borgareknum og sjálfstætt starfandi leikskólum sl. 3 mánuði	21,6
Boðin vistun í borgarrekna leikskóla*	20,1
Meðalaldur alls	21,4

Tafla. 1

Rétt er að taka fram að þetta er aldur barnanna 1. september 2024 en tölurnar eru teknar út 11. september 2024. Sjálfstætt starfandi leikskólarnir eiga eftir að taka fleiri börn inn fyrir þau börn sem eru að flytjast frá þeim yfir í borgareknu leikskólana.

Yngstu börnin sem hafa verið tekin inn í hverjum borgarhluta eru 14 mánaða á Kjalarnesi, 16 mánaða í Háaleiti og Bústöðum og í Laugardalnum og 18 mánaða í öðrum borgarhlutum.

*Ekki liggja fyrir upplýsingar um boðna vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum.